Alþingi
Erindi nr. Þ 135/418
komudagur 26.11.2007

**EYÞING** – ***Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*** –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 22. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **frumvarp til laga um íslenska táknmálið,** 12. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin leggst gegn samþykkt frumvarpsins eins og það er sett fram. Stjórnin telur að skilgreina þurfi betur svo ríka skyldu sem lögð er á opinbera aðila vegna kostnaðar við túlkaþjónustu. Að auki telur stjórnin mun eðlilegra að einstaklingum verði veittur tiltekinn réttur til túlkaþjónustu í vissum tilvikum frekar en víðtæk skylda sé lögð á opinbera aðila. Það muni auðvelda framkvæmd þjónustunnar til muna.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri